



Reykjavík, 8.6.2020

R18110164

Lagt fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 11. júní 2020

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Efni: Fyrsti hluti úttektar á aðgengi að húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar

Forsaga

Á fundi mannréttinda-, og lýðræðisráðs 5. júlí 2018, var samþykkt svohljóðandi tillaga ráðsins um kynhlutlaus salerni og úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar. R18070064:

Lagt er til að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnáskrifstofum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, verði gerð ókyngreind frá og með hausti 2018. Samráðsferli við starfsfólk fari fram áður en að farið verði í framkvæmdir. Í framhaldi verði gerð úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu. Þetta verði gert í samráði við þau hagsmunasamtök er málið varðar. Mannréttindaskrifstofu verði falið að útfæra nánar með hvaða hætti þetta verði unnið. Að þessu loknu verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem taki mið af ólíkum þörfum borgarbúa og þeirra sem heimsækja borgina.

Greinagerð með tillögu:

Kyngreind salerni og klefar í skólum og sundlaugum leiða til þess að ýmsir telja sig ekki geta nýtt sér þjónustu borgarinnar sem leiðir af sér mismunun. Með því að hafa salernin öllum opin og sérklefa þar sem það á við er komið til móts við þarfir margra hópa, svo sem:

- Trans fólk (og börn), þ.m.t. kynsegin fólk
- Intersex fólk (og börn)
- Foreldrar fatlaðra barna og barna sem þurfa sérstaka aðstoð og eru af öðru kyni
- Fatlað fólk með aðstoðarmann af öðru kyni
- Börn að aðstoða foreldra sem eru af öðru kyni

Sérklefar nýtast einnig fólki með heilsufarsvanda, svo sem stóma.

Ókyngreind salerni ættu einnig að skapa öruggara rými fyrir trans og intersex fólk og leiða til þess að þau verði síður fyrir fordómum.

Framkvæmd

Ákveðið var að byrja á að skoða grunnskóla, þjónustumiðstöðvar, sundlaugar, bókasöfn og listasöfn. Bréf var sent á alla staðina þar sem óskað var eftir upplýsingum um salernisaðstöðu og hvort hún væri kyngreind eða ókyngreind. Þeir staðir sem ekki svöruðu ítrekuðum fyrirspurnum voru flokkaðir eftir hverfum og valdir til að skoða í úttekt.

Valin voru þrjú hverfi til að byrja á og fá sýn á stöðuna. Þau voru valin vegna þess að vitað var til að þjónustan í þessum hverfum var í fjölbreytilegu húsnæði, nýbyggingum sem og eldra húsnæði. Fyrst voru send tilkynningarbréf á úttektarstaðina og beðið var um tengiliði til að vera í sambandi við og fá leiðsögn um húsnæðin.

Í úttektunum var skráður fjöldi salerna og klefa, tegund salerna (básar eða aflokuð einstaklingssalerni) og hvernig kynmerkingum þeirra er háttað. Jafnframt voru aðgengismál skoðuð hvað varðar salerni og klefa ætluðum fötluðu fólki.

Staðir

Vesturbær og miðbær: Austurbæjarskóli, Grandaskóli, Melaskóli, Hagaskóli, Vesturbæjarskóli, KR – íþróttahús, Ylströnd og Valur- íþróttahús.

Árbær og norðlingaholt: Árbæjarlaug, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Norðlingaskóli, Fylkir – Norðlingabraut og Fylkir Fylkisvegi.

Breiðholt: Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Leiknir, íþróttahús Austurbergi, Ölduselsskóli og íþróttahús Breiðholtsskóla.

Meginniðurstöður

- Mikil þörf er á úrbótum í flestum grunnskólum og sumum íþróttabyggingum, bæði hvað varðar salernismerkingar og aðgengi fyrir fatlað fólk.
- Engar samræmdar merkingar eru í notkun fyrir salerni í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Merkingar á kyngreindum og ókyngreindum salernum sem og salernum fyrir fatlað fólk voru mjög mismunandi eftir stöðum.
- Nýjustu húsnæðin komu lang best út líkt og búist var við. Bæði hvað varðar merkingar og aðgengi. Þar voru flest salernin aflokuð einstaklingssalerni og með ókyngreindar merkingar.
- Ástæður sem gefnar voru fyrir lélegu ástandi í eldra húsnæði voru meðal annars aldur byggingarinnar, erfitt væri að breyta húsnæði vegna húsafriðunar, ekki mætti hreyfa við arkitektúrnum, einungis básasalerni í boði svo erfitt væri að hafa ókyngreind salerni t.d. í grunnskólum með unglíngadeildir.